5. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2026 - 2027
14. september 2026 kl. 17:00
Reiðhöllin Víðidal

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Árni Reynir Alfreðsson (ÁRA), Eva Kærnested (EK), Brynja Kristín Magnúsdóttir (BKM), Arnar Máni Sigurjónsson (AMS) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi:.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

2. Skýrsla um aðstöðumál íþróttafélaga

Sviðstjóri menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar hefur lagt fram kortlagningu aðstöðumála og fjárframlaga til íþróttafélaga sem tekin var fyrir á fundi íþrótta- og útilífsráðs föstudaginn 11. september. Í skýrslunni kemur fram að heildarfjárframlag til félagsins er 119.225.356 kr. og 33.360.248 kr. án innri leigu. Samkvæmt bókhaldi félagsins fékk félagið hins vegar greiddar 27,7 milljónir, þannig að eitthvað ósamræmi er á milli skýrslunnar og þess sem félagið fékk raunverulega greitt frá Reykjavíkurborg á árinu 2025.

HS gerir athugasemdir við þann iðkendafjölda sem skráður er í skýrslunni en mikið ósamræmi er á milli iðkenda skráða hjá ÍBR og ÍSÍ. Einnig gera HS og EG athugasemdir við fjölda iðkenda undir 18 ára aldri, þ.e. að það hljóti að vanta inn í þetta.

3. Almannadalur og bréf til borgarráðs

HS sendi bréf til borgarráðs vegna Almannadals í ábyrgðarpósti og með tölvupósti. HS fékk viðbrögð frá Einari Þorsteinssyni, formanni borgarráðs. Hann tekur undir að þetta mál þurfi að leysa og ætlar að kanna hver staða þess er og setja málið í vinnslu.

4. Yfirþjálfari og æskulýðsnefnd

Umræður um starf yfirþjálfara sem auglýst var á heimasíðu félagsins og samfélagsmiðlum 15. ágúst síðastliðinn. Frestur var framlengdur um eina viku. Ein umsókn barst. Einnig voru málefni æskulýðsnefndar rædd.

5. Rekstrarniðurstaða janúar - ágúst

Farið yfir reksturinn tímabilið 1. janúar til 31. ágúst og er hann í samræmi við fjárhagsáætlun.

6. Nefnd um Víðidalinn og lóðarleigusamninga vegna svæðis og hesthúsa

HS leggur til að stofnuð verði nefnd á vegum félagsins og Víðidalsfélagsins til að fara yfir lóðarleigusamninga og setja samningsmarkmið fyrir viðræður við borgina um svæðið. HS leggur til að nefndin verði skipuð eftirtöldum aðilum:

Hlíf Sturludóttir og Sigurbjörn Magnússon fulltrúar Fáks, Gunnar Sturluson fulltrúi Víðidalsfélagsins og Þormóður Skorri Þormóðsson, fulltrúi hesthúsaeigenda í Faxabóli.

HS segir að á 4. ára verkefnalista meirihlutans í Reykjavík segi eftirfarandi *„Við ætlum að tryggja að Víðidalur verði áfram miðstöð hestamennsku innan borgarmarkanna.“* HS telur það vera afrakstur þeirra funda sem formaður og framkvæmdastjóri áttu með frambjóðendum fyrir kosningar að Víðidalurinn hafi ratað inn á verkefnalista borgarmeirihlutans.

HS segir að á 12 mánaða verkefnalista borgarstjórnarmeirihlutans er það verkefni að finna lausn á lóðarleigusamningum á Ártúnshöfðanum sem eru sambærilegir þeim sem eru í Víðidalnum og ólíklegt er að hægt sé að ræða við borgina fyrr en búið er að leysa málið á Ártúnshöfðanum.

Tíminn verði notaður til að móta samningsmarkmið gagnvart borginni. Tillaga samþykkt samhljóða.

7. Fundur með GLÓ styrktarfélagi, samstarfsyfirlýsing og vinnustofa

HS átti fund með fulltrúum GLÓ styrktarfélags og sagði frá hugmyndum um þjónustu með hestum og verkefninu „Hestar fyrir alla“. Rætt var um að gera samstarfsyfirlýsingu og formgera samstarfið meira en hefur verið. HS fór aðeins yfir þær hugmyndir sem hún hefur um hestatengda þjónustu í Víðidal.

8. Viljayfirlýsing – Stuðningur við þróunarverkefnið um vinnslu taðs

Viljayfirlýsing um stuðning við þróunarverkefni um vinnslu taðs er lögð fyrir stjórnina. Samþykkt að gefa út slíka viljayfirlýsingu enda er hún ekki skuldbindandi fyrir félagið.

9. Uppskeruhátíð Fáks

Ákveðið er að halda uppskeruhátíðir félagsins á eftirfarandi dagsetningum:

- Uppskeruhátíð barna og unglinga 1. október
    - Ræða skemmtiatriði. vantar allar hendur á dekk stjórn og æskulýðsnefnd.
- Uppskeruhátíð ungmenna og fullorðinna / Verðlaunaafhending kynbótahrossa 8. október.

Auglýst verður á heimasíðu félagsins og samfélagsmiðlum.

10. Landsþing LH

Landsþing LH fer fram helgina 30.-31 október. Gerð eru drög að lista yfir þá fulltrúa sem félagið hefur hug á að senda á þingið.

11. Langavatnsvegur 3

HS, Dagný og Sæmundur hjá reiðveganefnd suðvestursvæðis funduðu með verkefnisstjóra og byggingarfulltrúa í síðustu viku og fóru yfir þær lausnir sem eru í boði til að leysa þetta mál.

12. Önnur mál

a. **Reiðskóli Reykjavíkur:** Hugmyndir um uppbyggingu reiðskólans ræddar.

HS víkur af fundi

13. Staða yfirþjálfara

RÁS, AMS, ÍH og EG er falið að hitta umsækjanda um starf yfirþjálfara.

Fundi var slitið kl. 18:45.